

47. tbl.
13. des. 2023
30 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Jólatónleikar

Kammerkórs Norðurlands



Akureyrarkirkja 16. des kl. 16:00
Berg, Dalvík 16. des kl. 20:00
Þorgeirskirkja 17. des kl. 15:00

Stjórnandi: Guðmundur Óli Gunnarsson

Miðasala við inngang
Miðaverð 3.900kr





Fjallahringur Mývetnings

Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag vill færa sérstakar þakkir þeim fyrirtækjum sem taka þátt í Fjallahring Mývetnings. Með þátttöku í fjallahringnum gera fyrirtæki og einstaklingar félaginu kleift að byggja upp sjálfbært og öflugt íþróttastarf í Mývatnssveit.

Herðubreið 2023-2024



JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

Bláfjöll: Mýflug - Daddi's Pizza - Vogafjós



Vogafjós
Restaurant - Cafè
Guesthouse

Vindbelgur:

- Héðinn Björnsson
- Geo Travel ehf.



Jólabingó Mývetnings

Miðvikudaginn 20. des ætlar Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag að halda jólabingól Bingóið verður haldið í Reykjahlíðarskóla og hefst kl. 17:30.



Spjaldið kostar 1000 kr.



Athugið að ekki er posi á staðnum.

Hlökkum til að sjá ykkur og eiga saman góða stund í amstri jólanna.



MYVATN
NATURE BATHS

Hlaupastelpan

Síðasta Hlaupastelpan ársin 2023 kemur út 20. des.
og sú fyrsta árið 2024 kemur út 10. janúar nk.
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Ath ! Verðskrá

Verðskrá:

<i>Hálfsíðuauglýsing</i>	<i>kr. 4.600.- m.vsk</i>
<i>heilsíðuauglýsing</i>	<i>kr. 6.620.- m vsk</i>
<i>Jólakveðja</i>	<i>kr.3.000.- m vsk</i>

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is
Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma **8953386**.
Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar
<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir

Hlaupastelpan /Áríðandi tilkynning

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Varðandi útgáfu eftir áramót

Hlaupastelpan verður eftir 1. janúar 2024 bara gefin út á raf-rænan máta þ.e. á pdf útgáfu.

Ég reikna með að þegar frá líður muni ég útbúa sérstaka heimasíðu á netinu þar sem hægt verði að nálgast Hlaupa-stelpuna.

Því miður verður þá ekkert prentað út og sent í pósti eins og áður. Hugsanlega einhver eintök prentuð út og látið liggja einhvers staðar frammi þar sem hægt væri að grípa hana með sér. Kemur betur í ljós síðar.

Hlaupastelpan hefur farið í tölvupósti frá mér til um ca 50 aðila síðust 10 árin og ætla ég að byrja útgáfuna ársins 2024 þannig að hún verði send út í tölvupósti á þá sem því óska eftir. Annars verður Hlaupastelpan vistuð sem áður á heimasíðu Þingeyjarsveitar þar sem þau hafa í gegnum árin verið mér hliðholl að lofa mér að vista hana þar inni.

Frá og með 1. janúar 2024 ætla ég að bjóða upp á að senda þeim sem vilja Hlaupastelpuna á pdf formi í tölvu-pósti . Til þess að skrá sig á lista þar þá ætla ég að biðja ykkur að senda mér beiðni í tölvupósti á netfangið

hlaupastelpan2024@gmail.com

Með kveðju Dagný og co

*Helgihald um jól
í Grenjadarstaðarprestakalli hinu forna*

25. des. Hátíðamessa Einarstöðum kl. 14:00

25. des. Hátíðamessa Grenjadarstað kl. 16:00

26. des. Hátíðamessa Nesi kl. 14:00

26. des. Hátíðamessa Þóroddsstað kl. 14:00

Prestur í Nesi: Séra Örnólfur J. Ólafsson

*Guð gefi ykkur öllum glæðileg jól.
Séra Þorgrímur.*



"Áriðandi tilkynning"

Þorablót Ljósvetninga
verður haldið 17. febrúar 2024 í Ljósvetningabúð.

Hljómsveitin Færibandið heldur uppi fjörinu.

Takið kvöldið frá.

Nefndin"



Velferðasjóður Þingeyinga

vill þakka fyrir styrki og velvild í garð sjóðsins, styrki frá fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum, sem hafa haldið sjóðnum gangandi. Við þurfum á aðstoð ykkar að halda til að hjálpa þeim sem í nauðum eru stödd. Velvilji ykkar er ómetanlegur!
Munum!, að engum megum við gleyma! Við óskum ykkur gleðilegar hátíðar!

Við söfnum umsóknum um aðstoð í desember, til 3. desember.

Jólaúthlutun fer fram föstudaginn 15. desember. Allir sem búa í Þingeyjarsýslu, norður og suður, geta sótt um styrk. Úthlutanir eru alfarið í forni matarkorta sem nota má í Nettóverslunum. Best er að senda umsóknir á: rkihusavik@simnet.is og/eða að koma þeim til okkar í gegnum sóknarpresta.

Jólaúthlutun í Langanes og Skinnastaðaprestakalli fer fram heima í héraði.

Allt fé sem inn kemur, rennur til að aðstoða nauðstadda hér á okkar svæði.

**Bankareikningur okkar er 1110-05-402610
Kennitala er 600410-0670**

Bestu jólakveðjur og fyrirfram þakklæti fyrir stuðninginn og velvild við sjóðinn.

Velferðasjóður Þingeyinga.

Brúarkvöld

Samgönguminjasafnið og Sverrir

Samgönguminjasafnið á Ystafelli er starfrækt af Sverri Ingólfssyni með góðri hjálp fjölskyldu, vina og velunnara. Sverrir er ekki síst þekktur fyrir gott viðmót og útsjónarsemi við uppgerð fornbíla. Árið 2016 vann Dagný Hulda Valbergsdóttir mynd, um safnið og Sverri, sem var meistaraverkefni við hagnýta menningarmiðlun í HÍ. Á brúarkvöldi segir Dagný frá ferli myndarinnar, aðdraganda hennar og sínum kynnum af Sverri og safninu. Sverrir verður einnig á hliðarlínunni.

Fimmtudaginn 14. desember kl. 20:00 í Ljósvetningabúð

Flökkukonan Ingiríður Eiríksdóttir frá Haga

Síðasta brúarkvöld ársins verður fimmtudaginn 28. desember kl. 14:00 í Ídölum. Þar mun Yngvi Leifsson sagnfræðingur segja frá lífshlaupi Ingiríðar (1777-1857) en hann skrifaði bók um hana byggða á samtíma heimildum s.s. dómsskjölum, yfirheyrslum sýslumanna og annálum.

Brúarkvöld er röð samverustunda þar sem fræðimenn, nemar og heimamenn kynna störf sín s.s. rannsóknir, gagnaöflun og skrif og er vettvangur til að kynna ýmis verkefni sem unnin eru hér á svæðinu. Brúarkvöld eru styrkt af SSNE.



Sjáumst sem flest!!!



Haustgleði/Aðventugleði Þingeyjarskóla

Haustgleði/Aðventugleði
grunnskóla- og tónlistardeildar Þingeyjarskóla
verður haldin að Ýdölum **fimmtudaginn 14.
desember og hefst klukkan 19:30.**

Sett verður upp leikritið Benedikt búálfur eftir
Ólaf Gunnar Guðlaugs

Tónlist eftir Þorvald Bjarna Þorvaldsson,
söngtextar eftir Andreu Gylfadóttur og Karl
Ágúst Úlfsson.

Miðaverð 2000 krónur fyrir fullorðna og 500
krónur fyrir börn á skólaaldri.

Frítt fyrir börn á leikskólaaldri og grunnskóla-
nemendur Þingeyjarsveitar.

ATH.! Ekki er hægt að greiða með korti.

Sjoppa á staðnum.

Allir hjartanlega velkomnir.

Nemendur og starfsfólk Þingeyjarskóla